# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009, Unubakki 34, Þorlákshöfn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009 frá 18. október 1999.

Breytingin felur í sér að landnotkun á lóðinni Unubakka 34 í Þorlákshöfn breytist úr iðnaðarsvæði í blandað iðnaðar-, verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykkt sveitarstjórnar Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 14. apríl 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 281 14. apríl 2000

# AUGLÝSING

## um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, gamli bærinn, Blönduósbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013 frá 16. mars 1995.

Breytingin varðar:

- Aðkomu í bæinn verður ekki breytt í göngustíg eins og áformað var í aðalskipulagi.
- Götunni Blöndubyggð er lokað við Aðalgötu og lengd til austurs um 40 m.
- Austan við Ólafsbyggð og meðfram leiksvæði er mörkum nýs íbúðarsvæðis breytt.
- Bílastæði vestan við hótel er stækkað.
- Göngubrú yfir Blöndu á móts við Kvennaskólann.
- Breytt er skilgreiningu svæða.
- Sýnt er svæði fyrir skolphreinsistöð norðan Blöndu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 14. apríl 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 282 14. apríl 2000

# AUGLÝSING

## um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, lóðar á mótum Krossmóa og Vallarbrautar, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.